

3.fundur Afréttarmálanefndar Gnúpverjaafréttar.

haldinn í Árnesi mánudaginn 4.mars' 2019 kl 15:30.

Mætt til fundar. Arnór Hans Þrándarson, Gylfi Sigríðarson, Kristófer A. Tómasson, Skafti Bjarnason og Lilja Loftsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Farið yfir það friðlýsingarsvæði því sem nú er til umsagnar í Þjórsárdal. Nefndin setti saman tillögu að breytingu á þeirri línu sem upp hefur verið dreginn og mun senda inn til friðlýsingar nefndarinnar. Tillöguna má sjá í fylgiskjali.
2. Spurt um þær hugmyndir sem eru í gangi um leiðir að Búrfellsskógi. Skafti sagði frá þeim hugmyndum sem nú væru í gangi. Nefndin leggur áherslu á að hægt verði að komast akandi um svæðið til að sinna smalamenskum ef upp koma.
3. Girðingarmálin tekin fyrir. Óskar nefndin eftir að allir aðilar sem hafa með girðingar að gera sem lyggja að afréttinum verði kallaðir saman. Stilla þarf saman strengi hvað varðar lagfæringar á girðingum og hafa það klárt hver sinnir hvaða hluta. Þeir aðilar sem funda þarf með eru Landsvirkjun, Landgræðslan og Skógræktin. Sveitarstjóri mun hafa samband við þessa aðila og fá þá til fundar.
Þá var einnig farið yfir að lagfæra þyrfti girðingar við réttir og um leið stækka aðstöðu fyrir farartæki við réttirnar. Nefndin muni taka saman kostnað við það
4. Sveitafélagið veitti þá upphæð sem sótt var um á fjárhagsálætlun til áframhaldandi endurbóta á afréttarveginum næsta sumar. Einnig verður sótt um í Fjallvegaskógi fyrir þetta ár.
5. Nefndin tók að sér á síðasta ári að sjá til þess að afréttarhúsin og sú aðstaða sem þeim fylgir yrði klár fyrir sumarið og jafnframt að ganga frá við húsin fyrir veturinn. Nefndin mun taka þetta að sér aftur á komandi sumri og hausti.







Fundi slitið 17:30


Lilja Loftsdóttir

Arnór Hans Þrándarson

Gylfi Sigríðarson.

Legend

-  svaedi_01_02_19
-  Afrettargirding_Thjorsardal
-  Thjorsardalur_grassaningar
-  Grassaningar_SR
-  Birki_reitir_2006-2018
-  Aburdardreifing_HEKLUSK_2006-2018



Fláttarnátt:	7.270 ha (73 km ²)
Kortavörpun:	Lambert keiluvörpun
Hnitastada:	ISN93
Kortagerð:	Guðni Hannesson LMI

Tillaga að mörkum frílýstis svæðis
 Mörk sveitarfélaga
 Bundið siltlag

Þjorsárdalur



4.mars 2019

Frá Afréttarmálanefnd Gnúpverjaafréttar.

Umsögn afréttarmálanefndar að friðlýsingarsvæði því sem nú er til umsagnar í Þjórsárdal.

Nefndin leggur til að skerpt verði á þeirri línu sem dregin hefur verið upp vestan og norðan við Hólaskóg og þar verði farið eftir skráðum og þekktum örnefnum. Nefndin leggur til að lína verði úr Bolagróf innan við Hrossatungur í Stangarfellsöxl og þaðan í Skerhólma ofan við Háafoss. Sjá meðfylgjandi kort. Þá leggur nefndin áherslu á að hún eða fulltrúar hennar geti á öllum tímum farið um svæðið til að sinna þeim verkum er nefndinni er ætlað. Þá áskilur nefndin sér rétt á að koma með athugasemdir á seinni stigum málsins. Nefndin fer einnig fram á að geta komið að málum við Stjórnunar og verndaráætlun svæðisins.

Fulltrúar Afréttarmálanefndar.

Lilja Loftsdóttir.

Arnór Hans Þrándarson.

Gylfi Sigríðarsona.